

Fréttapistill frá forseta Íslands

17. janúar 2021

Eftir stutt hlé yfir áramótin tek ég nú til á ný við að segja frá sumu sem dreif á mína daga í nýliðinni viku, auk annars sem ég kýs að geta. Í gær sendi Guðmundur Felix Grétarsson okkur Íslendingum hlýja kveðju eftir aðgerðina miklu sem hann gekkst undir í Lyon í Frakklandi. Þar voru handleggir græddir á hann eftir slys sem hann varð fyrir hér heima árið 1998. „Ég er ekki handlangari lengur, ég er orðinn handhafi,“ sagði hann brattur. Ekki vantar æðruleysið. Þvílíkur maður! Ég veit ég mæli fyrir munn okkar allra á Íslandi þegar ég sendi Guðmundi Felix heillaóskir og vonir um að endurhæfing og uppbygging muni ganga vel. Og ekki má gleyma að þakka því einvaliði sem kom að þessari einstöku aðgerð í sögu læknávisindanna.

Í gær unnu strákarnir okkar í handbolta sinn fyrsta sigur á heimsmeistaramótinu í handknattleik í Egyptalandi, gegn Alsír, eftir svekkjandi tap í fyrsta leik á móti fyrr í vikunni. Ég sendi þeim baráttukveðjur. Áfram Ísland! Áhorfendum að utan var ekki kleift að sækja mótið en hér að neðan er mynd sem ég tók af síðasta stórmóti liðsins, sigurleik gegn Dönnum á Evrópumótinu í Svíþjóð fyrir ári. Koma svo, áfram Ísland!

Á þriðjudaginn var fékk ég góða gesti í heimsókn á Bessastaði, Almar Grímsson og Lýð Pálsson. Þeir afhentu mér minningarpening sem sleginn var til að minnast þess að í fyrra voru 150 ár liðin frá því að vesturfarir Íslendinga hófust fyrir alvöru. Til stóð að hópur Vestur-Íslendinga héldi hingað í tilefni tímamótanna en farsóttin kom í veg fyrir það.

Í kjölfar Almars og Lýðs fylgdi Gunnar Hjálmarsson tónlistarmaður, Dr. Gunni. Hann afhenti mér eintak bókar á kínversku um íslenska rokk- og dægurtónlist. Bókin er byggð á verkum Gunnars á ensku um þá sögu, auk viðtala og texta eftir meðhöfund hans, Sean White (Zhang Changxiao). Forseti ritaði formála bókarinnar.

Síðastliðinn fimmtudag hélt ég austur fyrir fjall og tók þátt í árlegum og afar skemmtilegum viðburði. Ég sat hátíðarfund Vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands og afhenti þar verðlaun. Fundurinn var haldinn í Fjölheimum á Selfossi. Þrír hlutu styrk og verðlaun úr sjóðnum, Benedikt Traustason, Catherine Rachael Ballagher og Maite Cerezo Araujo. Öll vinna þau að rannsóknum sem tengjast Suðurlandi á einn eða annan hátt. Ég afhenti einnig Menntaverðlaun Suðurlands og féllu þau í hlut Snjólaugar Elínar Árnadóttur og Unnar Lífur Ingadóttur við Grunnskóla Vestmannaeyja fyrir nýsköpun í skólastarfi. Ég óska öllum verðlaunahöfum, og öllum sem voru nefndir til verðlauna, hjartanlega til hamingju með verðskuldaðan heiður.

Í gær tók ég á móti forystusveit nýsköpunarfyrirtæksins Kerecis hér á Bessastöðum. Stjórnendur þess eru bæði innlendir og erlendir og höfðu komið saman á fundi hérlendis, á fyrstu samkomu af því tagi í rúmt ár. Hjá Kerecis eru búnar til sáraumbúðir úr fiskroði og hefur fyrirtækið vaxið stórum undanfarin ár, með framleiðslustöð á Ísafirði og skrifstofur í Reykjavík, Bandaríkjunum og Sviss. Umbúðir Kerecis eru m.a. notaðar til að græða sár fólks með sykursýki en sjúklingum af því tagi hefur fjölgað í heimsfaraldrinum.

Loks er þess að geta að í gær hlotnaðist mér sá heiður að sækja frumsýningu brúðuleikritsins Geim-mér-ei sem leikhópurinn Miðnætti stendur að í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Gaman var að komast í leikhús á nýjan leik og áhorfendur voru sáttir, ungir sem aldnir.

Á morgun, mánudaginn 18. janúar, hefst lestrarkeppni grunnskólanna sem Samrómur stendur að. Við Eliza tökum þátt í formlegri setningu keppinnar í Fellaskóla í Reykjavík og hægt verður að fylgjast með viðburðinum á heimasíðu Samróms: <https://www.facebook.com/samromur>

Samrómur er opið gagnasafn raddsóna fyrir íslensku og er því ætlað að tryggja sess tungumálsins í stafrænum heimi. Við verðum að geta talað á íslensku við öll þau tæki og tól sem hægt er að mæla til, snjallsíma, sjónvörp og hvaðeina. Og til þess þurfum við raddir á íslensku. Ég hvet því alla til að leggja sitt af mörkum, grunnskólanema sem aðra. Upplýsingar um Samró, raddsónin og grunnskólakeppnina má sjá hér:

<https://samromur.is/grunnskolakeppni>

<https://samromur.is/takathatt>

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar. Stöndum áfram saman og stuðlum að því að sameiginlegar varnir okkar gegn veirunni skæðu dugi sem skyldi. Í þeim efnum er aukin aðgát á landamærum fagnaðarefni. Góðar stundir.